Þingu-Þröstur

Nú skal burt úr bænum haldá
betra loft að fá.
leita að hvammi til að tjalda
tæru vatni hjá.....



Göngu-Hrólfur.

Útgefandi: Skátafélagið "Svanir" Stokkseyri 3. árg. 1938.
Ritstjóri: Svanur Karlsson.

FÉLAGSSTARFSEMI.

Skátafélagið "Svanir" hefir nú starfað rúmlega tvö ár og verið eitt ár í Bandalagi Íslenskra Skáta.

Á þessum tíma hefur meðlimum fjölgað upp í 21. Þrátt fyrir það mun það vera fámennasta félag í sveitinni og skipað tiltölulega yngstum meðlimum. Það má því varla gera ráð fyrir því að þetta félag vinni stór virki. Þó mun það sanni næst að skátafélagið standist samanburð við flest ef ekki öll félög í sveitinni hvað starfsemi snertir, einkum þegar allra aðstæðna er gætt.

Félagið hefur síðan það gekk í B. Í. S. og til þessa dags haldið 10 fundi og nálægt 60 flokka og hópæfingar. Til ágóða fyrir starfsemi sína hefur félagið gefið út blað og ræktað kartöflur. Þá hefur félagið haldið árlega innbyrðisskemmtun fyrir meðlimina og foreldra þeirra og síðastiðiðihaustók það móti heimsókn 18 skáta úr Reykjavík, sem varð okkur til mikillar skemmtunar og hvatningar. Á árinu hefur félagið komið sér upp tjaldi, stóru og vönduðu. Geta má þess að félagið gekkst fyrir því að 6 af meðlimum þess sóttu námskeið í hjálp í viðlögum út á Eyrarbakka, fóru þeir venjulegast gangandi. Síðast en ekki síst má nefna þá forgöngu, sem félagið hefur haft í íþróttamálum. Ber þá fyrst að nefna sundið.

Félagið hófst handa vorið 1936 með því að efna til útilegu meðal meðlima sinna við heita sundlaug, og hefur það haldið þessari reglu síðan. Þessi starfsemi hefur orðið svo vinsæl að tvö önnur félög í sveitinni hafa nú tekið upp þá reglu að styrkja skólabörn árlega til þessara hluta. Geta má þess að 92,3 % af félagsmönnum, sem komnir eru yfir 10 ára aldur, eru syndir, og hafa tveir þeirra komist í hann krappann í vatni og sennilega bjargað lífi sínu á sundi. Þá hefur félagið einnig haft forgöngu í fjallgöngum og skíðaferðum. Enn sem komið er, er sá hópur að vísu lítill, sem lagt hefur leið sína til fjalla, en hann mun stækka áður en nokkurn varir. Svo hefur það reynst allstaðar þar sem menn kynnast fjallgöngum og skíðaferðum að þeir þekkja enga skemmtun betri. Við höfum yfirleitt átt vinsemd að fagna meðal sveitunga okkarogg þá vinsemd viljum við þakka.

12/3 1938

Blöðver Sigurðsson.

SKÁTAHEIMSÓKN.

Það var 7. nóv. 1937, að við skátarnir á Stokkseyri áttum von á heimsókn frá Reykjavík. Það ætluðu 18 skátar að heimsækja okkur. Við ætluðum að taka á móti þeim í skólanum og komum við saman laugardagskvöldið 6/11 kl. 5 að taka til fyrir morgundaginn. Við lögðum allt í stofunum og bjuggum til stafi úr mislitum pappír og hengdum þá á bilið fyrir ofan skólatöfluna og stóð þá "Vertu viðbúinn", sem er einkunnarorðaskáta. Þegar öllu var lokið fórum við heim, en komum svo saman aftur kl. 9 á sunnudagsmorguninn. Þegar allt var tilbúið gengum við á móti þeim vestur að Hraunsá. Þar biðum við eftir þeim. Við þurftum að bíða dálitla stund og var það slæmt því það var komin rigning. Við blotnuðum svolítið en það þornaði strax. Þegar við sáum til þeirra var rigningin að batna og urðum við þá mjög glaðir og fóru sumir úr jökkunum og hristu af þeim rigningura. Nú kemur bíllinn brunandi og stansar hjá okkum og heilsuðu þeir okkur og við þeim með skátakveðju. Því næst gengu þeir í þrefaldri röð austur og við á eftir. Þeir sungu um leið og þeir lögðu af stað: "Við göngum mót hækkandi sól". Síðan gengu þeir áfram með jöfnum hraða undir íslenska fánanum. Þegar komið var upp íþróttaskóla fórum við inn og fengum okkur sæti og töluðum saman. Þeir kenndu okkur skátahróp, skátaljóð og lög. Þegar klukkan var orðin tólf fórum við heim að borða og tókum þá með okkur. Við bræður tókum þrjá með okkur, sem allir höfðu verið á Jamboree og sögðu þeir okkur svolítið úr ferðinni. Við fórum aftur upp í skóla kl. 2 e. m. og voru þá margir komnir og farnir í síðastaleik. Þegar allir voru komnir fórum við inn og héldum áfram að syngja og skemmta okkur á ýmsa vegu. Þegar klukkan var orðin 5 fórum við aftur heim og drukkum kaffi. Þegar við komum aftur upp í skóla var klukkan orðin hálf sex. Þá sungum við nokkur lög áður en þeir fóru. Síðan þökkuðum við þeim og þeir okkur fyrir daginn og kvöddu okkur og fóru síðan.



B. J.

GENGIÐ Á HENGIL

Það urðu víst margir hissa þegar þeir heyrðu að við hefðum lagt af stað í fjallgöngu og og tveggja daga útilegu á laugardaginn fyrir hvítasunnu. Enda var hvorki útlit fyrir útsýni né gott ferðaveður þar sem stöðugt hafði dregið upp blikuna í kring sólarhring. En þar sem við höfðum ekki yfir öðrum dögum að xx ráða en þessum tókum við þann kostinn að fara. Reyndar urðum xx við nú ekki nema þrír, sem fórum, en ætluðum annars að vera 5

Það var komið talsvert fram yfir hádegi þegar við lögðum af stað. Stinningskaldi var á suðaustan og því ágætt að hjóla, enda var það hentara því að á leiðinni fengum við nokkrar skúrir, sem stöðugt fóru vaxandi, og um það leyti, sem við vorum í Hveragerði var nærri samfelld rigning. Þar spurðum við menn til vegar og báðum hann fyrir hjólin. Hlöðver og hann voru kunnugir. Hann fylgdi okkur upp áð Grýtu. Þaðan gengum við upp með Varmá að vestan. Varmá fær vatn sitt úr þrem kvíslum: Grænadalsá, Reykjadals-á og Henglakvísl, sem er þeirra mest. Hún kemur að vestan og urðum við, því að vaða hana. Við fórum síðast úr sokkunum og brettum upp buxurnar eins og við gátum og ætlaði varla að duga. Allt gekk nú samt vel og gengum við nú upp með Reykjadalsá þangað til við fundum hæfilegan tjaldstað. Við tjölduðum nú í snatri kveiktum upp á prímusnum, höfðum sokkaskifti og undum síðan sokkana og buxnaskálmarnar, sem hvorttveggja var rennblautt eftir rigninguna. Þá var klukkan farin að ganga 12 og vorum við fegnir að vera komnir í tjaldstað. Klukkan 4 um morguninn vöknuðum við aftur hrollkaldir. Þá var kuldalegt út að líta; slydda og jörð öll grá af krapa. Við kveiktum þá á prímusnum og fórum þá að hita okkur hafragaut. Þá kom upp úr kafinu að enginn hafði munað eftir salti. Annað var þó verra, að vegna dálítils óhapps var olían að þrotum komin, enda drapst á prímusnum áður en grauturinn var soðinn. En í svona ferðalögum er lystin óviðjafnanleg, enda var það víst hepp ilegast í þetta skiftið. Eftir þessa máltíð fórum við að sofa aftur, aftur og sváfum nú fram á dag.



Nú var veðrið farið að skána aðeins smá kornéljahryðjur öðruhverju, sem fóruminnkandi, en sól skein á milli. Þar sem við ætluðum að vera þarna í meira en sólarhring, urðum við að fá okkur eldsneyti. Þá tókum við það ráð að fara niður að Reykjakoti. Þar fengum við keypta tvo potta að olíu og auk þess lentum við þar í morgunkaffinu, en þetta var á sjálfan hvítasunnudaginn. Í þessari för vorum við fulla tvo tíma, og þegar við komum í tjaldstað aftur var veðrið orðið ágætt. Tókum við því það ráð að ganga á Hengil þá strax. Við átum nú í snatri og flýttum okkur af stað. Við gengum upp Reykjadal allan, þar er víða jarðhiti og litlir sívellandi hverir, sem mikla gufu lagði frá. Nú var sólskin en nokkuð hvasst. Okkur gekk vel upp. Hugurinn hefur víst borið okkur hálfa leið, því að við vorum fljótari upp en niður aftur. Uppi á fjallinu voru fannir í öllum lægðum enda svalt þarna uppi. Þegar við komum upp að mælingavörðunni, sem er á hæsta tindinum blasti við okkur hið fegursta útsýni í vestur, norður og austur, en yfir Flóanum og Ölfusinu var móða. En þetta stóð nú ekki lengi því að eftir nokkrar mínútur hvessti og syrti að og gerði kornéljahryðju. Við sáum þann kost vænstan að snúa niður eftir fjallinu aftur þangað, sem mildara var. Við fórum nú að halda í tjaldstað

og fórum okkur hægt og rólega, vorum líka farnir að þreytast, því við vorum búnir að vera á gangi því nær frá því um morguninn, og höfðum oft gengið hratt. Þægilega þreyttir og ánægðir með daginn komum við í tjaldstað. Við hreyfðum okkur má lítið það, sem eftir var dagsins og fórum snemma að sofa. Við sváfum vært og draumlaust og vöknuðum næsta morgun endurnærðir af svefninum, en þó varla lausir við stirðleika.á Við skoðum má umhverfið fram að hádegi og tókum nokkrar myndir. Um hádegi fórum við að taka saman farangur okkar og leggja afstað heim. Nú fórum við með Varmá norðanverðri og yfir hana á brúnni, sem er fyrir framan Reykjahælið. Sáum við þá Grýtugos tilsýndar. Veðrið var ágætt og vindstaðan hagstæð; gekk okkur því vel heim. Það var orðið áliðið dags, þegar við komum heim. Við höfðum skemmt okkur vel og sáum ekki eftir að hafa eytt þessari frístund á þennan hátt, því að fátt er skemmtilegra en ferðalag með góðum félögum. Þó að eitthvað sé torsótt eykur það aðeins ánægjuna,að minnsta kosti eftir á.

Á. S.

FERÐ Í ÞJÓRSÁRDAL:

Sunnudaginn 18. júlí 1937 fór fólk frá nokkrum bæjum við Stokkseyri í skemmtiferð upp í Þjórsárdal. Ég var einn af ferðafólkinu. Var lagt af stað kl. 9 fyrir hádegi og komið í fyrsta áfangastaðinn kl. 12,3o. Við komum fyrst að Hjálparfossi og mötuðumst þar. Fyrir framan fossinn er djúpur hylur, er kallast Silungahylur. Meðan heldra fólkið fór að skoða hólmann í fossinum fórum við nokkrir strákar í bað í Fossánni fyrir framan Silungahyl. Fólk sem komið hafði annarsstaðar að, kallaði til okkar og sagði: "Ætlið þið úr? Er ekki kalt? Varið ykkur. Kunnið þið að synda?" Okkur þóttu þetta óþarfa spúrningar og hlógum að. Þegar við vorum öll komin á sama staðinn, var haldið af stað aftur og var næsti áfangastaður í "Gjánni". Á leiðinni þangað hallaðist bíllinn allmikið og vildu þá einhverjir fara út úr honum og ganga, ef bílnum kynni að hvolfa. Til þessa var ekkert tillit tekið og kom ekki að sök. Leiðin að fossinum í Gjánni er íll yfirferðar. Klungur og grjót og sumstaðar mikil mosavæta. Rétt hjá fossinum er kofi og á hurð og dyrastafi hans eru skorin fangamörk. Fossinn kastast niður á syllu og niður á stall, sem kastar honum niður í Fossá. Ofan í Gjána er ekki hægt að komast nema á einn veg, að austan.



Í Gjánni eru mikil brunagrjót og notaði ein konan sér það og tók nokkra brunna steina til að hafa í blómagarði. Síðan var haldið burt. Yfir ána varð bílstjórinn að breiða kápu framan á bílinn svo að kertin blotnuðu ekki. Þegar komið var áleiðis fram fyrir Fossá var sagt í bílnum: "Á ekki að skoða Háafoss. Mönnum þótti leitt að koma svona nærri hæsta fossi landsins og sjá hann ekki. Varð því úr að farið á bílnum áleiðis

að Háafossi. Eftir dálitla stund var farið úr bílnum og gengið. Sumir fóru fyrir vestan kvíslar, sem eru á leiðinni, en við þeir sögðákar fórum fyrir austan þær og ætla ég að segja frá því ferðalagi. Í fyrstu fylgdu okkur 4 eða 5 smákrakkar og k gengum við þá ýmist upp eða niður skriður áleiðis að Háafossi. Hamar einn skagar út í ána á einum stað. Klifruðum við upp á hann og síðan niður aftur. Héldum við nú áfram uns við komum að bratt ri skriðu, sem enginn virtist þora að leggja í. Setti ég þá á mig vettlinga og fór að klifra upp og komu þá hinir strákarnir á eftir. Þarna mæst-um við sjónar á smákrökkunum og héldum nú þrír áfram. Þegar ég átti eftir 1-2 hundruð metra að fossinum kölluðu strákarnir í mig og sögðu að samferðafólkið væri smáið við. Þá snerum við við aftur en lentum í sömu kröggunum þar til einn af ferðafólkinu kom og vísaði okkur rétta leið. Var nú farið heim með viðstöðu á nagaflötum, því að þar var skemmtun.

Ástv. Jónsson.

Skáldskapur og skíðaferðir.

Kvöld eitt í vetur þegar nokkrir skíðar voru á skíðum austur í Kaudárhólum í góðu veðri og tunglsljósi kom andinn yfir þá og fóru þeir að yrkja. Eftirfarandi vísuhelmingur varð þá til eftir ritstjóra þessa blaðs og var þá þegar samþykkt að efna til samkeppni meðal meðlima félagsins um botn eða byrjun við hann og birta síðan í Göngu-Hrólfi. Vísuhelmingurinn er svona:

Okkar freistar mjöllin mjúk
og mánaskinið bjarta.

Allmargir helmingar komu þar sem ýmist var prjónað ofan eða neðan við. Verðlaunin 2 kr. í peningum hlaut Grímur Sigurðsson fyrir eftirfarandi vísu:

Nú er lund ei lengur sjúk,
líf í hverju hjarta.
Okkar freistar mjöllin mjúk
og mánaskinið bjarta.

Eftirfarandi vísur telur blaðið rétt að birta þar sem þær þóttu standa mjög nærri að gæðum þeirri, sem verðlaunin hlaut. Fyrri vísan er eftir Ástvald Jónsson og sú síðari eftir Sigurð Jónsson.

1. Ný er fallið föl á hnjúk,
flýr nú húmið svarta.
Okkar freistar mjöllin mjúk
og mánaskinið bjarta.

2. Okkar freistar mjöllin mjúk
og mánaskinið bjarta.
Skíðin krakkar! Skundið út
við skulum ekki kvarta.

Fleirisæmilegir botnar bárust þótt ekki séu þeir birtir hér. Lesendur geta nú sjálfir glímt við þetta viðfangsefni og ort vísu um sama efni. Göngu-Hrólfur væri þakklátur fyrir slíkar sendingar.

STÖKUR

Tuttugu og fjórir tvífætlingar
tóku upp ferð í þjórsárdal.
Allt voru það Íslendingar,
ágætt líka mannaval.

Í Fossárdalnum fallegt er
finnast mun það löngum.
Háafoss þar hylltum vér
á hvössum fjalladröngum

Skriðurnar þar skjótast víða
skrítnar fram í dalinn þar.
Margir þarna lækir líða
loksins fram í kaldan mar.

Komin þarna kró um mig
kvíslarnar þar varna.
En hver og einn hann sér um sig
og svo fór líka þarna.

Nú er komið nóg að sinni
næst þó gæti komið baga.
Fæ ég ekki fljótt úr minni
fleiri vísur til að laga.

Á J.

BADEN-PAWELL KEMUR TIL ÍSLANDS

Þann 11. ágúst næstkomandi kemur til Íslands einn af merkari mönnum mannkynssögunnar alheimsskátahöfðinginn Robert Baden-Pawell lávarður. Það mun ekki algengt að menn úr hermannastétt leggi mikinn skerf til menningar-málanna. Flestir þeirra vinna aðeins að því að leggja í rústir það sem menningin hefur byggt upp. Hins eru þó dæmi að menn úr hermannastétt hafa gerst menningarfrömuðir, en það eru líka ávalt friðarvinir en ekki hernaðar. Slíkur maður er Baden-Pawell.

Fyrir um 30 árum stofnaði hann fyrsta skátafélagið. Nú skifta skátar miljónum og eru dreifðir um allan heim. Þó hafa einræðisríkin, sem gegnsýrðust eru af hernaðaranda bannað skátafélagsskapinn hjá sér. Markmið skátareglunnar er að vinna gegn allskonar ó-menningu og löstum fyrst og fremst með því að þroska hæfileikana. Hugsjónin -takmarkið, er sama og þroskahugsjón mannanna frá alda öðli. Sú sama og feður okkar og mæður hafa kennt okkur er þau vissu best, en aðferðirnar eru að mörgu leyti frumlegar og nýjar. Baden-Pawell heldur því fram með réttu, að margir lestir og ómenning eigi rætur sínar að rekja til þess að menn séu of sljóir og þroski ekki hæfileika sína og skilningarvit nótu vel. Við þetta miðar hann uppeldisaðferðir sínar. Það er þetta takmark og aðferðir þær sem skátareglan beitir, hafa valdið þessari örru útbreiðslu. Þegar þess er gætt hvað skátareglan er ung er ekki ólíkað hún eigi eftir að hafa víðtæk áhrif um allan heim í framtíðinni. Sagan mun geyma nafn Baden-Pawell lávarðar meðal sinna stærstu nafna. Ekki sem herforingja heldur sem menningarfrömuðs og friðarvinar.

THULEMÓTIÐ

Dagana 12. og 13. mars síðastliðið var Thuleskíðamótið haldið í Hveradölum í annað sinn. Sjö félög tóku þátt í mótinu: Þrjú úr Reykjavík, tvö af Siglufirði, Eitt af Ísafirði og eitt af Akureyri. Fyrri daginn sem mótið var haldið var keppt í 16 km. kappgöngu. Færi var heldur slæmt vegna þess að rigning hafði verið um nóttina. Veðrið var þó sæmilegt um daginn. Fyrstur varð í göngunni Jón Þorsteinsson skáti af Siglufirði, keppti hann fyrir Skíðafél. Siglufjarðar. En Skíðafél. Siglfirðingur vann skíðagönguna.

Seinni dag mótsins var keppt bæði í skíðastökkum og svigi, eða krókahlaupi. Þann dag var mjög gott veður og hátt á þriðja þúsund áhorfendur, og flestir með skíði. Fyrst var keppt í stökkunum. Var keppt í svonefndri Flengingarbrekku. Lærri snjólaust var orðið í brekkunni þar sem stökkbrautin var og hafði þurft að bera snjó að í brautina og stökkpallinn. Lengst stökk Jón Þorsteinsson sá sami er verið hafði fyrstur í skíðagöngunni. Síðast var keppt í svigi og fór sú keppni einnig fran í Flengingarbrekku nokkru austar en stökkbrautin var. Þar er brekkan mjög brött og urðu skíðamennirnir að fara hana í mörgum krókum, sem markaðir voru með stikum og hliðum í brekkunni. Fyrstur var Björgvin Júníusson af Akureyri. Skíðakeppnin stóð lengi og þreyttust sumir áhorfendur á því að horfa á aðgerðarlausir og fóru að skemmta sér á skíðum þeir sem þau höfðu, en aðrir brunuðu sér á rassinum og kútveltust í brekkunum og virtust þeir líka skemmta sé ágætlega.

SKÍÐAVIKA ÍSFIRÐINGA.



Ísafjörður er af sumum talinn paradís skíðamannanna. Þar er oftast nógur snjór allan veturinn og brekkur hinar ákjósanlegustu. Duglegustu skíðamenn Ísfirðinga eru félagarnir í skátafélaginu Einherjar, sem lengi hafa stundað skíðaíþróttina undir forustu Gunnars Andrew kennara og skátaforingja. Í skála sínum í Tungudal hafa þeir legið margar nætur og stundað skíða-íþróttina á daginn, um helgar og í frístundum sínum. Fyrsti maður kappgöngunni á Íslandsmóti skíðamanna, sem haldið var á Siglufirði í mars síðastliðið var Magnús Kristjánsson úr Einherjum. Í Um páskana ár hvert hafa Ísfirðingar svonefnda skíðviku. Byrjar hún á skírdag og stendur yfir í fimm daga. Þá leggja Ísfirðingar mal á bak sér og fara inn í Seljalandsdal og Tungudal, sofa þar í skálum og skemmta sér á skíðum. Fer þá og fram allskonar skíðakeppni svo sem í skíðagöngu, skíðastökkum, svigi og flugskriði. Ýmsir hafa sótt til Ísafjarðar á skíðavikuna. Til þessa hafa það helst verið Vestfirðingar

sem sótt hafa skíðavikuna, en að þessu sinni fjölmenntu Reykvíkingar vestur. Færi og veður var hið besta mestan hluta tímans. Skíðavika Ísfirðinga er einn merkasti þátturinn í Íslensku íþróttalífi og gæti vel verið öðrum byggðarlögum til fyrirmyndar.

ÍSLENSKIR SKÁTAR.
25 ára.

Þann 2. nóv. 1937 minntust ísl. skátar aldarfjórðungs afmælis síns. Fyrsta ísl. skátafél. var Skátafélag Reykjavíkur stofnað 2. nóv. 1912. En því miður starfaði það félag ekki lengi. Skátastarf hefur samt aldrei síðan alveg lagst niður hér á landi, því að skömmu síðar eða 1913 var stofnað elsta og stærsta skátafélag hér á landi, Væringjar í Reykjavík. Fyrsti frumkvöðull þess var hinn ágæti og vinsæli æskulýðsleiðtogi sr. Friðrik Friðriksson, En eiginlega skátastarfsemi byrjaði það fyrst undir stjórn Axels V. Tulinius síðar skátahöfðingja. A. V. Tulinius hefur þannig haft forustu ísl. skátamála nærfelt um 25 ára skeið eða frá byrjun og til dauða síns. Enginn maður hefur því unnið meira fyrir ísl. skátamál. Væringjar hafa jafnan verið stærsta og öflugasta skátafél. á Íslandi og haft forustu í ísleskum skátamálum. Til Væringjafélagsins hafa hin félögin jafnan litið sem stóra bróður.

Á komandi sumri halda Væringjar landsmót á Þingvöllum til minningar um 25 ára starf. Hafa þeir boðið erlendum skátum einkum norðurlöndum að taka þátt í því. Mótið hefst 5. júli og lýkur með tveggja daga ferð að Hvítárvatni og Kerlingarfjöllum 11. og 12. júlí. Sunnudaginn 10 júlí verður mótið opið fyrir almenning frá 1 - 10 síðdegis. Þetta verður vafalaust stærsta og fjölmennasta skátamót, sem haldið hefur verið á Íslandi til þessa. Fyrsti og erfiðasti áfangi íslenskrar skátastarfsemi er að baki, en framundan bíða þó mörg og stór verkefni. Þau að útbreiða hugsjónir skátahreyfingarinnar meðal Íslendinga.

Allir íslenskir skátar og eflaust fjöldi annara íslenskra borgara senda Væringjum hlýjar kveðjur og árnaðaróskir á aldarfjórðungs afmæli þeirra.

H. S.

TRÉSMIÐJA EYRARBAKKA auglýsir meðal annars skíði í Göngu-Hrólfi. Göngu-Hrólfur vill mæla með skíðunum frá Trésmiðju Eyrarbakka. Þau eru úr góðu efni, vel smíðuð, létt og liðleg. Auk þess selur Trésmiðja Eyrarbakka sín skíði allmikið ódýrari en skíði eru seld í Reykjavík.

Skiftið við þá, sem auglýsa í Göngu-Hrolfi.

TRÉSMIÐJA EYRARBAKKA
(sími 2o)

smíðar fyrir yður:

GLUGGA,
HURÐIR,
KARMA,
KARMALISTA,
GLUGGALISTA,
DÚKLISTA,
GÓLFLISTA,
EÐHÚSINNRÉTTINGAR
og BÍLHÚS.

hefur venjul. fyrirliggjandi:

HRÍFUSKÖFT,
HRÍFUHAUSA,
ORF og ORFAEFNI,
RÚMSTÆÐI,
STOFUBORÐ,
SKÍÐI,
KOFFORT,
og STOKKTRÉ.

Komið eða hringið í síma nr. 20 áður en þér festið kaup annarsstaðar.

Virðingarfyllst.

TRÉSMIÐJA EYRARBAKKA.

VERSLUN

JÓNS ADÓLFSSONAR

Stokkseyri

Selur:

VEFNAÐARVÖRUR,
MATVÖRUR,
NÝLENDUVÖRUR,
HREINLÆTISVÖRUR,
YMSAR smávörur,
MÁLNINGU,
STRIGA og GÚMMÍSKÓFATNAÐ,
og ýmislegt til REIÐHJÓLA.
VANDAÐAR og
góðar vörur.

VERSLUN

ÁSGEIRS EIRÍKSSONAR

Stokkseyri

Selur:

MATVÖRUR allskonar,
NÝLENDUVÖRUR,
HREINLÆTISVÖRUR,
VINNUFATNAÐ,
Nýkomnir STRIGASKÓR
o. m. fleira.

LÆGST VERÐ

gegn staðgreiðslu.

Kaupir ennfremur flestar
íslenskar afurðir.

Kaupfélag

Árnesinga!

Verslið

við

Kaupfélagið.

það er

ykkar

verslun.

Kaupfélag Árnesinga.

Kaupfélag